

Ed.

157. Frumvarp til laga

[74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. des)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. nóv. 1966, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hundradshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærra en hann var 15. nóv. 1966. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundradshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigir útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1967.